

Ár 1986, miðvikudaginn 5. nóv. var í málinu nr. 6/1986 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi:

Ú r s k u r ð u r :

Mál þetta fjallar um skráningu og mat fasteignarinnar nr. 18 við Engjaveg á Selfossi. Kært var út af fasteign þessari til nefndarinnar með bréfi, dags. 16. apríl 1986. Þar segir meðal annars svo:

"Samkvæmt samþykktu teikningu frá 1967, sem húsið er byggt eftir er íbúðin $86,5 \text{ m}^2$, innbyggður bílskúr $33,6 \text{ m}^2$, samtals hús og skúr 373 m^3 .

Árið 1981 fór fram endurmat á húsinu. Við það varð sú breyting, að á mhl. 01 er húsið skráð $118,5 \text{ m}^2$ og 373 m^3 á mhl. 02, sem er bílskúr og skráður $33,6 \text{ m}^2$ 104 m^3 .

29.01.'86. var óskað leiðréttingar á stærðum og mati hússins við Fasteignamat ríkisins á Selfossi. Úrskurður dags. 17.03.'86 hljóðaði um lækun á mati geymsluskúrs úr 93 þús. í 42 þús. Ekki reyndist unnt að fá frekari leiðréttingu hjá F.M.R. á Selfossi. Af þeirri ástæðu leitar undirrituð til Yfirfasteignamatsnefndar.

Á lóðinni stendur áðurnefnt hús og 20 m^2 vinnuskúr úr timbri, járnklæddur. Enginn grunnur er byggður undir skúrinn.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem undirrituð hefur aflað sér er ekki venja að meta skúra, sem hægt er að flytja milli staða og ekki byggður grunnur undir.


Ástæðan fyrir því að ekki er farið fram á leiðréttingu fyrr er sú, að Brynjólfur var sjúklingur síðustu árin sem hann lifði og hefur ekki athugað skekkjuna í stærðarútreikningum hússins. Undirrituð er einn af erfingjum Brynjólfs og hef umsjón með húseigninni.


Óskað er eftir leiðréttingu á mati og stærðum hússins frá því mat fór fram 1981 og úrskurðað samkvæmt því."

Umræddan skúr ber að telja til fasteignarinnar samkvæmt 2. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat. Þar sem ekki verður séð að neitt sé við skráningu eða mat eignarinnar að öðru leyti að athuga, verður kærán ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreind kára er ekki tekin til greina.


Gaukur Jörundsson


Guðmundur Magnússon


Pétur Stefánsson